



Morsárjökull er 4 km langur skriðjökull í sunnanverðum Vatnajökli, umgirtur allt að 1000–1400 m háum og bröttum fjöllum, Skaftafellsheiði í austri, sem rís upp í um 1385 m við Skarðatind (til hægri á myndinni) og Skaftafellsfjöllum í vestri. Þorvaldur Thoroddsen var fyrstur til að lýsa jökulinn árið 1894, þá lá hann við ystu garða, um 2 km frá núverandi jaðri, tengdur meginjöklinum af þremur ísstraumum, vestari og austari ísfossunum (fyrir miðju) og Birkijökli (fönnin til hægri). Í dag hefur jökullinn þynnst og ísstraumarnir slitnað að mestu frá meginísnum sem fellur fram af klettabeltinu í tilkomumiklum íshrunum. Árið 2007 féll stórt berghrunslóð á ofanverðan jökulinn að austanverðu og huldi um 1/5 af yfirborði hans. Urðin ásamt einangraða jöklinum undir henni rísa um 50 m hærra en núverandi yfirborð jökulsins. Frá 2007 hafa jökullinn og urðin skriðið um 700–800 m. – *Morsárjökull is a 4 km long outlet glacier in the southern part of the Vatnajökull ice cap, surrounded by 1000–1400 m high and steep mountains. Þorvaldur Thoroddsen was the first to study the glacier in 1894, he described three ice streams from the main ice cap. Today these ice streams are mostly separated from the ice cap and the glacier ice falls down the cliffs in spectacular ice avalanches. In 2007 a large rock avalanche fell on to the uppermost part of the glacier and covered about 1/5 of its surface. The debris mass had an insulating effect on the ice and today it rises about 50 m above the glacier surface.* Texti og ljósm./Text and photo. Þorsteinn Sæmundsson, september 2017.